

Hafir þú ábendingu eða vitneskju um frétt, hringdu þá í síma 62-25-25. Fyrir hvert fréttaskot, sem birtist eða er notað í DV, greiðast 2.000 krónur.

Fyrir besta fréttaskotið í hverri viku greiðast 5.000 krónur. Fullrar nafnleyndar er gætt. Við tökum við fréttaskotum allan sólarhringinn.

Ritstjórn - Auglýsingar - Áskrift - Dreifing: Sími 27022

Þýsk-íslenska tapaði lögtaksmáli þar sem tekist er á um:

Yfir 100 milljónir króna

Fallinn er úrskurður í fúgetarétti í Reykjavík þar sem fyrirtækið Þýsk-íslenska tapaði lögtaksmáli. Málið reis vegna álagðra gjalda frá árinu 1985. Úrskurður um gjöldin féll á árinu 1986. Deilan um réttmæti gjaldanna fór fyrir ríkisskattanevnd og að fengnum úrskurði hennar hefur lögtak nú ver-

ið heimilað samkvæmt úrskurði fúgetaréttar.

Upphaflega krafan var upp á 45 milljónir króna. Ef dráttarvöxtum er bætt við og skuldin höfuðstólsfærð er krafan á milli 110 og 120 milljónir króna.

Skatransóknarstjóri framkvæmdi skoðun á bókhaldi fyrir-

tækisins í upphafi ársins 1986 - vegna skattframtals fyrir 1985. Eftir að úrskurður sérstaks ríkisskattstjóra, Sigmundar Stefánssonar, skattstjóra í Hafnarfirði, lá fyrir var málinu vísað til ríkisskattanevndar. Ríkisskattanevnd skilaði úrskurði sínum í sumar.

Forráðamenn Þýsk-íslenska geta

áfrýjað dómi fúgetaréttar.

Rannsókn skatransóknarstjóra leiddi einnig til þess að Rannsóknarlögreglu ríkisins voru send gögn málsins. Rannsóknarlögregla sendi málið til ríkissaksóknara að lokinni rannsókn á árinu 1987. Þar er málið enn. Sérstaklega var beðið eftir úrskurði ríkisskattanevndar.

Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari hefur farið með málið. Bragi er nú erlendis.

Ekki náðist í Ómar Kristjánsson, framkvæmdastjóra og aðaleiganda Þýsk-íslenska, í gær.

-sme

Ekið á stúlkubarn:


Fóturinn tekinn af við ökkla

Sex ára stúlka, sem lenti fyrir sendibíl á Víflsstaðavegi í síðasta mánuði, hefur misst annan fótinn neðan við ökkla. Eftir slysið voru gerðar margar aðgerðir á fæti stúlkunnar en þar sem ökklinn var nánast ónýtur tókst ekki að bjarga fætinum.

Stúlkan var ásamt fleiri krökkum á leið yfir gangbraut þegar sendibíll ók á hana. Bílstjórinn bar því við að þar sem hann hefði verið með lausa gaskúta í bílnum hefði hann ekki náð að snögghemla og afstýra slysi.

Lögregla brýnir fyrir ökuómnum að sýna sérstaka aðgæslu þar sem börn eru á ferð en mörg börn eru í umferðinni eftir að skólar hófust.

-hlh



Í dag skýrist loks hverjir verða Íslandsmeistarar í knattspyrnu en FH og KA standa best að vigi. Jóhann G. Kristinsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Fram, var að þýssa Íslandsbikarinn í gær áður en honum var skilað til KSÍ. DV-mynd BG

Erró „gefur“ borginni tíu fermetra málverk

„Verðið, sem Erró tekur fyrir þetta verk fyrir Borgarleikhúsið, er aðeins brot af því sem hann gæti fengið á listaverkaupboðum úti. Það er vel hægt að tala um gjöf,“ sagði Garðar H. Svavarsson sem undanfarið hefur aðstoðað Erró við að setja upp sýningu á Kjarvalsstöðum. Hún verður opnuð eftir hádegi í dag.

Verkið, sem framvegis prýðir nývigt Borgarleikhús, nefnist Odel shape og er um tíu fermetrar að flatarmáli. Það verður til sýnis á Kjarvalsstöðum frá og með deginum í dag.

Erró var beðinn að vinna þetta

verk þegar hann sýndi hér heima síðast, árið 1985. Hugmyndin er að Davíð Oddsson borgarstjóri taki við verkinu í dag klukkan 14.

Um leið stendur til að Erró afhendi Listasafni Íslands allmörg verk eftir sig.

„Hann vill að eitthvað af verkum sínum sé til á Íslandi. Það er vel hægt að tala um gjafir á þessum verkum því verðið er afar lágt. Krakkar, sem eru að koma út úr skóla hér, vilja sumir álíka verð fyrir sín verk,“ sagði Garðar H. Svavarsson.

-GK

Breiðagerðisskóli:

Flassari á ferð

Laust fyrir hádegi í gær var lögreglunni tilkynnt um flassara sem hafði haft sig í frammi við Breiðagerðisskóla. Hafði 10 ára stúlka séð til mannsins. Samkvæmt lýsingu stúlkunnar er þetta um þritugur maður, lágvaxinn, í blárrí mittis-


úlpu, bláum gallabuxum og gulum bol eða skyrtu.

Að sögn lögreglu, sem tekur lýsingunni með ákveðnum fyrirvara, mun áður hafa sést til mannsins við sömu iðju í hverfinu við Breiðagerðisskólann.

-hlh



SENDIBILASTÖÐIN
PRÖSTUR
68-50-60
VANIR MENN

BÍLASPRAUTUN
BÍLARETTINGAR
5 íkkens
BÍLASPRAUTUN
Aimulun og blettun.
RETTINGAR og hvers
konar þoddviðgerðir.
BÍLALÖKK og undirneti.
Blönduð á staðnum.
Varmi
Sími 44250



LOKI

Steingrímur sagði mér að þeir væru búnir með blý-antana og byrjaðir að naga pennana í Seðlabankanum.



Veðurhorfur á sunnudag og mánudag:

Norðlægar áttir og svalt

Lægð er fyrir austan land, á leið norður. Á morgun er gert ráð fyrir norðan og norðvestanátt og frekar svölu veðri. Skúrir eða slydduél verða norðanlands, einkum í útsveitum, en hjart veður syðra.

Á mánudag verður hæg breytileg átt eða norðvestlæg átt og víðast þurr veður. Þá er búist við áframhaldandi svölu veðri.